

139. löggjafarþing 2010–2011.

Álit
um tillögur til þingsályktunar.

Frá viðskiptanefnd.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með bréfi dags. 6. maí 2011, að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

- a. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn (581. mál). Tilskipunin varðar endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf, og samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.
- b. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (629. mál). Tilskipunin varðar setningu lögbanns til verndar hagsmunum neytenda.
- c. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (647. mál). Tilskipunin varðar takmörkun á áhættu fyrirtækja að því er varðar einn aðila og bætt áhættu- og krísustjórnun, sem og efling eftirlits og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri.

Nefndin gerir ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Margrét Tryggvadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 2011.
Álfheiður Ingadóttir,
form., frsm.
Magnús Orri Schram,
Ásbjörn Óttarsson,
Valgerður Bjarnadóttir,
Eygló Harðardóttir,
Björn Valur Gíslason,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Skúli Helgason.